

1954 nr. 106 17. desember**Lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðun-
um o.fl.¹⁾**

¹⁾ Rg. 284/1999. Rg. 471/1999.

■ **1. gr.** Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skipt-

ingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er löggiltur var með lögum nr. 110 1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landssvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

ELDRRI ÚTGÁFA